Nd. **46. Frumvarp til laga** [39. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen, Sigurður Kristjánsson, Sigurður Bjarnason, Stefán Stefánsson, Ingólfur Jónsson, Sigurður E. Hlíðar, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Auður Auðuns, Ólafur Thors.

1. gr.

Á eftir fyrri málsl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr málsl.:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar- og trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands, ef ⅕ hluti félagsmanna krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á haustþinginu 1946, og þykir nægja að vísa hér til greinargerðarinnar með því frumvarpi.

Ástæðan til þess, að málið er tekið upp aftur nú, er einkum sú, að sú reynsla, sem fengin er af þessum málum, síðan þingið felldi sams konar frumvarp fyrir tveimur árum, sýnir á mjög ótvíræðan hátt, að þær mótbárur, sem þá voru einkum hafðar á lofti gegn frumvarpinu, hafa ekki við rök að styðjast, en þvert á móti hafa átökin innan verkalýðssamtakanna, ekki sízt nú upp á síðkastið, mjög greinilega staðfest nauðsyn þess, að lýðræðislegra kosningafyrirkomulag og þar af leiðandi lýðræðislegri stjórnarhættir geti átt sér stað innan stéttarsamtaka verkalýðsins.